

Ed.

## 7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

### 1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem báðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk háskólaráðs.

Með lögum nr. 86, 31. desember 1963 var Happdrætti Háskóla Íslands heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk. Flokkur þessi var upp tekinn til þess að bæta úr brýnni fjárförf háskólans, en sem kunnugt er, er það verkefni Happdrættisins að kosta allar nýbyggingar Háskólans, viðhald eldri bygginga, tækja-kaup, umönnun lóða og fleira.

Háskóli Íslands hefur stækkað mjög á síðustu árum, en fyrirsjáanlegt er, að hann mun þó vaxa mun meira á komandi árum en hingað til. Aukinn fjöldi stúdent-anta og kennara kallar auðvitað á aukið húsrými, tækjakost og fleira. Mörg brýn verkefni biða úrlausnar, og má þar á meðal benda á, að nauðsynlegt er að reisa hús fyrir læknadeild. Jafnframt þarf að auka húsrými fyrir ýmsar aðrar stofnanir háskólans til kennslu og rannsókna, bæði þær, sem þegar eru til, og ýmsar, sem eru í uppsiglingu.

Fjárförf háskólans er því gífurlega mikil og eykst fyrirsjáanlega mjög næstu árin eftir því, sem háskólinn eflir starfsemi sína, en sú hlýtur þróunin að verða, ef vel á að vera. Aukin fjárráð háskólans eru forsenda þess, að honum megi takast að sinna þeim verkefnum, sem honum eru ætluð að lögum, og sífellt fara vaxandi í þjóðfélagi voru sem öðrum.

1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir, að heimilað sé að gefa út nýjan flokk hlutamiða, C-flokk, sem verði hliðstæður þeim tveim flokkum, sem nú eru, A-flokki og B-flokki. Sú tilhögun að gefa út nýjan flokk hlutamiða, svo sem gert var með lögum nr. 86, 31. desember 1963, hefur gefizt mjög vel. Sparar það mikla vinnu við drátt og hefur notið vinsælda hjá viðskiptamönnum Happdrættisins. Er nú svo komið, að hvergi nærri er hægt að fullnægja eftirspurn eftir hlutamiðum. Er þessi breyting því jafnframt í þágu viðskiptamanna Happdrættisins.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.